

Hverfisráð Hríseyjar

160. fundur

Föstudaginn 10. febrúar 2023 kl. 18:30 var haldinn 160. fundur hverfisráðs í Hlein.
Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Narfi Freyr Narfason og Friðrik Úlfar Ingimarsson.

Dagskrá:

1. Nýframkvæmdir umhverfismála - Ráðstöfun framkvæmdafés 2023

Á síðasta ári óskaði hverfisráð eftir hugmyndum frá íbúum varðandi ráðstöfun á framkvæmdafé. Þar sem ekki er búið að klára þau verkefni sem lagt var upp með í fyrra var ekki óskað eftir hugmyndum í ár heldur leggur ráðið til að áfram verði unnið í sömu verkefnum:

- Hátíðarsvæðið: Göngustígur, lýsing og gróður
- Aðkoma að eyjunni, svæðið milli Salthúss og Gallerí Perlu
- Gönguleiðir, áningarstaðir og merkingar

2. Önnur mál

- Íbúakönnun varðandi opnun á líkamsræktaraðstöðunni í íþróttamiðstöðinni verður send út eftir helgi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Ingólfur Sigfússon
Narfi Freyr Narfason
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon